

Ágæta samkoma.

Til hamingju með daginn. Dag þar sem við fögnum sjálfsögðum réttindum, lítum yfir farinn veg, hugsum til allra kvennanna sem syntu á móti straumnum og þökkum fyrir allt það sem þær hafa fært okkur. Dag þar sem okkur ber skylda til að meta stöðuna og horfa til framtíðar – á þau verkefni sem verða að vinnast til að samfélagið okkar geti talist raunverulega réttlátt.

Fyrir sléttu ári síðan stóðum við hér og fögnuðum aldarafmæli kosningaréttarins, mitt á byltingarárinu mikla. Í fyrra var ár beauty-tips byltingarinnar – árið sem konur töluðu – árið sem samfélagsmiðlar urðu óhugnarlega gulir og appelsínugulir þegar konur opinberuðu reynslu sína af kynbundnu ofbeldi. Í fyrra spruttu upp femínistafélög í grunn- og framhaldsskólum og í fyrra unnu Elsku stelpur Skrekk.

Afmælis- og byltingarárið 2015 var í grunninn gjöfult og gott. Áræðnin, samstaðan og róttæknin hafði áhrif – hugarfarsbreyting átti sér stað og fleiri lögðu málstaðnum lið.

Borgarstjórn lagði líka sitt af mörkum. Við fögnuðum árunum 100 með 100 viðburðum, stórum og smáum í samstarfi við grasrótarsamtök, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Og við gerðum það sem í okkar valdi stóð til að bregðast við ákalli byltingarinnar um sanngjarnara og öruggara samfélag með stofnun ofbeldisvarnarnefndar og undirbúningi að samhæfðari og stórbættri þjónustu við þolendur ofbeldis.

En við verðum að halda áfram. Við megum ekki láta deigan síga. Öll ár verða að vera byltingarár og við verðum að muna að þó við syndum á móti straumnum, munu barnabörnin okkar vonandi líta á baráttumál samtímans sem sjálfsögð réttindi í framtíðinni.

Ágæta samkoma.

Þar sem ég hef lagt minn síðasta krans að leiði Bríetar ætla ég að leyfa mér að vera örlítið persónuleg.

Að vera femínísk kona í pólitík er eins og að vera fiskur – því eins og við vitum, þá berast aðeins dauðir fiskar með straumnum.

Straumur feðraveldisins er stöðugur og oft þungur. En það er þess virði að synda gegn honum – og hver veit nema einn góðan veðurdag náum við í lygna tjörn þar sem fólk af öllum kynjum getur unað öruggt og sælt saman.

Að þessu sögðu langar mig að þakka Bríeti fyrir hennar sundsprett. Samtíðarkonum hennar líka og öllum þeim konum sem hafa synt í kjölfarið allt fram til þessa dags. Ég vil þakka rauðsokkunum, kvennaframboðs- og kvennalistakonunum og öllum þeim fjölda grasrótarsamtaka sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera þetta samfélag betra fyrir okkur öll og gert okkur kleift að stinga okkur til sunds og halda baráttunni áfram.

Síðast en ekki síst vil ég þakka fyrir að hafa fengið að vera þess heiðurs aðnjótandi að leggja hér kransa undanfarin fjögur ár – og fyrir að hafa fengið að taka sundspretti í fljóti feðraveldisins á vettvangi borgarstjórnar.

Það vill til að feðraveldisfljótið er víðfeðmt og ég mun án efa stinga mér til sunds á öðrum stað áður en langt um líður.

En þangað til þá – takk fyrir okkur elsku Bríet – þú mátt treysta því að við gefumst ekki upp, við munum tryggja barnabörnum okkar sjálfsögð réttindi svo þau geti haldið áfram í átt að tjörninni góðu.

Til hamingju með daginn kæra samkoma – áfram stelpur!